



Reykjavík, 7. nóvember 2011

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði fimmtudaginn 3. nóvember 2011 vegna tilkynningar mótanefndar, dags. 26. október 2011, þar sem óskað var eftir því að aganefnd skoðaði atvik fyrirliða ÍR-M eftir leik í 4. umferð þann 18. október, vegna ætlaðra skemmdaverka á leikstað.

Leitað var skýringa ÍR-M með tölvupósti, dags. 28. október 2011, á umræddu álitæfni áður en nefndin tæki afstöðu til þess, og eftir atvikum hvort álitæfnið félli undir aganefnd. Skýringar fyrirliða ÍR-M, Gunnars Þórs Gunnarssonar, bárust með tölvupósti, dags. 28. október 2011, þar sem fram kom m.a. að hann mundi ekki eftir atvikinu en væri að öllum líkendum óleikfær vegna atviksins næstu vikur eða mánuði.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.e. tilkynningar mótanefndar KLÍ og skýringa ÍR-M.

Almennt er það svo að dómara/mótstjórar skulu koma skriflegri skýrslu um brot til aganefndar innan 48 klst. frá lokum viðureigna eða lokum móts, sbr. 12. gr. reglugerðar. Hefur aganefnd litið svo á, að sá frestur eigi einkum við þegar nefndin fjallar um brot á grundvelli 2. gr. reglugerðarinnar. Aftur á móti kann annar frestur að eiga við þegar nefndin fjallar um brot á grundvelli 6. gr., enda er þar um að ræða brot sem kunna að koma til utan leikmannasvæðis og leikstaðar.

Í því sambandi telur nefndin rétt sé að miða við a.m.k. 7 daga kærufrest frá því að almennt megi telja að vitneskja um hið ætlaða brot hafi verið ljós. Hefur nefndin í því sambandi horft til 19. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða. Þó kann að vera að í einhverjum tilvikum kunni kærufrestur að vera lengri en 7 dagar vegna brota sem kunna að eiga við 6. gr. reglugerðarinnar. Í því sambandi verður að veða og meta hvert tilvik fyrir sig.

Það var því mat aganefndar í því máli sem hér um ræðir að frestur til að leggja fram kæru væri ekki liðinn. Miðað við fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar taldi nefndin að kæra hefði borist innan 7 daga frá því að vitneskja um atvikið hefði verið ljós, en slíkt hefði ekki verið á vitorði mótanefndar fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir atvikið og hefði kærufrestur því byrjað að líða frá þeim degi.



Aganefnd telur, eftir að hafa yfirfarið tilkynninguna og þær upplýsingar sem hún aflaði sér, að umræddur keppandi hafi valdið eignatjóni með því að hafa kýlt í gegnum hurð á leikstað. Í ljósi þess, telur nefndin að um alvarlegt brot sé að ræða sem heimfæra megi undir 6. gr. reglugerðar um aganefnd. Í því sambandi hafi umræddur leikmaður sýnt af sér grófa og óíþróttamannslega framkomu um leið og hann kom fram gagnvart íþrótt sinni af vanvirðingu í kjölfar leiks ÍR-M og KR-B.

Í ljósi framangreinds, þar sem umræddur leikmaður sýndi af sér grófa óíþróttamannslega framkomu umrætt sinn og kom fram gagnvart íþrótt sinni af vanvirðingu er það er niðurstaða aganefndar, að refsing sé hæfilega ákveðin, eins og hér háttar til, með tímabundnu banni leikmannsins í 6 vikur frá og með dagsetningu úrskurðarins.

Úrskurðarorð

Gunnar Þór Gunnarsson, fyrirlíði ÍR-M, sætir banni frá öllum keilumótum á vegum KLÍ í 6 vikur frá dagsetningu úrskurðar þessa.

Ólafur Páll Vignisson, formaður aganefndar

Sigríður Klemensdóttir

Ómar Kristjánsson